



Ofurhugi - Júní 2017

AMÍ 2017 / Prúðasta liðið



Magnað AMÍ en annað sætið staðreynd.

Það er svolítið skakkt að segja að AMÍ hafi verið magnað og lenda svo í öðru sæti. En annað er ekki hægt, AMÍ var svo sannarlega magnað.

Við þjálfararnir vorum sammála um það að annan eins árangur á AMÍ höfum við ekki upplifað, en þá tölum við um bætingar og keppnishörku, gleði og samstöðu.

Sundmennirnir okkar stóðu sig hreint stórkostlega og skyldu allt eftir í lauginni og þegar upp var staðið og

búið var að fara yfir alla útreikninga þá varð niðurstaðan sú að SH bar sigurorð af okkur með einungis sex stigum, SH 710 og ÍRB 704.

Súr niðurstaða en við komum bara en beittari að ári liðnu.

Lokahófið bar þess líka merki að við höfum verið að gera mjög góða hluti á mótinu. Við áttum þrjá af sex í stigahæstu sundmönnum mótsins, við áttum sundmanninn sem hlaut Ólafsbikarinn, við fengum verðlaun fyrir þrúðasta liðið, ásamt því að fá verðlaun fyrir annað sætið.

Stigahæstu sundmenn á AMÍ 2017 frá ÍRB.

Eva Margrét Falsdóttir varð stigahæst í meyjaflokki ásamt því að vinna Ólafsbikarinn fyrir frábæran árangur, Aron Fannar Kristínarson varð stigahæstur í drengjaflokki og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir var stigahæst í stúlknaflökki.

Sundmenn ÍRB sem urðu íslandsmeistarar:

Aron Fannar Kristínarson: 400m skriðsund, 200m skriðsund, 200m baksund, 100m baksund og 400m fjórsund.

Eva Margrét Falsdóttir 400m skriðsund, 100m bringusund, 800m skriðsund, 200m fjórsund, 200m bringusund og 100m fjórsund.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir 400m skriðsund, 200m skriðsund, 800m skriðsund, 400m fjórsund

Thelma Lind Einarsdóttir 200m baksund, 200m skriðsund, 100m baksund, 100m skriðsund

Stefanía Sigurþórsdóttir 200m fjórsund

Gunnhildur Björg Baldursdóttir 200m flugsund

Fannar Snævar Hauksson 200m flugsund, 100m flugsund,

Meyjasveit ÍRB 4 x 50m skriðsund, Thelma Lind Einarsdóttir, Bergþóra Árnadóttir, Rebekka Marín Arngeldsdóttir og Eva Margrét Falsdóttir

Meyjasveit ÍRB 4 x 50m fjórsund Thelma Lind Einarsdóttir, Stefanía Ósk Halldórsdóttir, Eva margrét Falsdóttir og Bergþóra Árnadóttir.

Drengjasveit ÍRB 4 x 100m fjórsund: Aron Fannar Kristínarson, Kári Snær Halldórsson, Fannar Snævar Hauksson og Flosi Ómarsson.

Frábært mót að baki þar sem við töpuðum af efsta sætinu með ótrúlega litlum mun, því varð meistaratitill sjöunda árið í röð ekki staðreynd. En uppúr stendur frábært mót hjá frábæru sundfólki sem lagði allt í sölnar, gaf liðinu sínu stig eða sýndi gott fordæmi með góðum bætingum eða öflugri hvatningu. Við þjálfarnir viljum þakka ykkur fyrir frábært mót þið voruð svo sannarlega öll sem eitt í baráttunni. Áfram ÍRB !

Eva Margrét Falsdóttir stigahæst meyjá 11 -12 ára



Eva Margrét Falsdóttir varð stigahæst í meyjaflokki ásamt því að vinna Ólafsbikarinn fyrir frábæran árangur. Ólafsbikarinn er veittur þeim sundmanni sem gerir mesta afrek mótsins í langri sundgrein með tilliti til aldurs.

Eva Margrét Falsdóttir varð Íslandsmeistari í eftirtöldum greinum á AMÍ: 400m skriðsundi, 100m bringusundi, 800m skriðsundi, 200m fjórsundi, 200m bringusundi og 100m fjórsundi.

Aron Fannar Kristínarson stigahæstur drengja 13-14 ára



Aron Fannar Kristínarson varð stigahæstur í í drengjaflokki ásamt því að verða Íslandsmeistari í eftirtöldum greinum: 400m skriðsundi, 200m skriðsundi, 200m baksundi, 100m baksundi og 400m fjórsundi.

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir stigahæst stúlkna 15 -17 ára



Eydís Ósk Kolbeinsdóttir varð stigahæst í stúlknaflökki ásamt því að verða Íslandsmeistari í eftirtöldum greinum: 400m skriðsundi, 200m skriðsundi, 800m skriðsundi og 400m fjórsundi.

Afrekshópur - Steindór

Í júnímánuði beindust allir okkar kraftar að AMÍ undirbúningi. Þeir sem höfðu aldur á AMÍ æfðu eins og brjálæðingar en margir þeirra eldri voru komnir á fullt í vinnu og mættu af fullum krafti á æfingar þegar tími gafst. Andinn í hópnum þennan mánuðinn hefur einkennst af gleði og áhuga.



Sundmaður mánaðarins

Már Gunnarsson er sundmaður mánaðarins. Már er afar duglegur, jákvæður og samviskusamur sundmaður ásamt því að vera mikill húmoristi.

Framtíðarhópur - Eddi



Sundtímabilinu 2016 – 2017 lauk með glæsibrag þegar krakkarnir stóðu sig frábærlega á AMÍ. Ég vil þakka fyrir tímabilið og hlakka svo sannarlega til að byrja aftur í byrjun ágúst. Kærar kveðjur, Eddi

Sundmaður mánaðarins

Sundmaður mánaðarins að þessu sinni er Kári Snær Halldórsson. Kári er duglegur sundmaður sem er búinn að bæta sig mikið undanfarið. Kári er alltaf kátur og

hress.

Háhyrningar og Sverðfiskar Vatnaveröld - Helena


Júní var frábær, byrjaði af fullum krafti á Akranesleikunum þar sem rúmlega 30 krakkar frá ÍRB tóku þátt. Þau stóðu sig með stakri þrýði og var liðið valið þrúðasta liðið á mótinu og erum við ákaflega stolt af því. Háhyrningar voru duglegir að æfa í júní, en einnig voru nokkrir hraustir Sverðfiskar sem mættu á æfingar þrátt fyrir að vera komnir í sumarfrí. Nokkrir sundmenn tóku þátt á lágmarkamóti ÍBR og náðu 3 sundmenn lágmarkum á þessu móti og tryggðu sér með því þátttökurétt á AMÍ.



Þessi vetur hefur verið frábær, hópurinn stór og ótrúlega góður andi innan hópsins, það hafa verið forréttindi að fá að fylgja þessum krökkum í vetur og þakka ég kærlega fyrir mig og óska öllum gleðilegs sumars, sjáumst hress í ágúst.

Sundmaður mánaðarins í Háhyrningum

Guðmundur Leo Rafnsson er sundmaður mánaðarins í Háhyrningum. Guðmundur Leo mætir vel, hefur tekið framförum og er góður félagi.



Karen missir af EMU



Ekkert verður af þátttöku á EMU hjá Karen, en hún varð fyrir því óláni vikuna fyrir AMÍ að botnlanginn í henni sprakk. Þetta ólán varð þess líka valdandi að við misstum af dýrmætum stigum frá henni á AMÍ. Karen er óðum að hressast og verður komin í laugina mjög fljótlega.

Í lok tímabils

Þegar ég lít til baka og fer yfir þetta sundtímabil í huganum, er ég afar stoltur og ánægður. Lið ÍRB hefur náð að afreka svo ótrúlega hluti á þessu tímabili að ég tel það nánast einsdæmi. Svona árangur gerist ekki sjálfkrafa og honum þarf að halda á lofti og vegsama.



Liðið varð þrefaldur Bikarmeistari, vann sögulega marga titla á ÍM 25, náði afar góðum árangri á ÍM 50 og átti eftir það mót flesta sundmenn í

Smáþjóðaleikaliðinu, við áttum sundmann sem náði lágmörkum á EMU, við eigum sundmann sem er búinn að setja ellefu Íslandsmet í boðsundum á árinu með okkur og landsliðinu, og þrátt fyrir að missa af AMÍ titlinum með ótúlega litlum mun þá áttum við þrjá af sex stigahæstu sundmönnum á AMÍ ásamt því að eiga þann sundmann sem vann Ólafsbikarinn.

Ástæður fyrir svona árangri eru að mínu mati þessar, frábær stjórn, frábærir foreldrar, frábærir og duglegir sundmenn, frábærir og metnaðarfullir þjálfarar, ásamt sveitarfélagi sem veitir okkur frábærar aðstæður.

Kæra stjórnarfolk, foreldrar, sundmenn, þjálfarar og aðrir styrktaraðilar ÍRB, takk fyrir frábært tímabil, ég get varla beðið eftir því næsta.

Áfram ÍRB
Kær kveðja, Steindór

Met á AMÍ

Innanfélagsmet á AMÍ

Fannar Snævar Hauksson 100 skr (25m) Drengir-Njarðvík

Aron Fannar Kristínarson 200bak (25m) Drengir-Njarðvík

Denas Kazulis 100 fjór (25m) Hnokkar-Njarðvík

Katla María Brynjarsdóttir 400 skr (25m) Hnátur -Njarðvík

Athena Líf Prastardóttir 100 flug (25m) Hnátur -Njarðvík Athena Líf Prastardóttir 100 fjór (25m) Hnátur -Njarðvík

Athena Líf Prastardóttir 100 skr (25m) Hnátur -Njarðvík

Styrktaraðilar Sundráðs ÍRB



KRONAN

nettó

speedo



HS ORKA HF



HS VEITUR HF

©2017 Sundráð |

[Web Version](#)

[Forward](#)

[Unsubscribe](#)

Powered by [Mad Mimi](#)
A GoDaddy company